

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Larsenstræti 2, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi verslunar-, þjónustu- og athafnalóðar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 11. maí 2022 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar-, þjónustu- og athafnalóðar í Larsenstræti 2. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarreitur er minnkaður og honum snúið. Að öðru leyti gilda skilmálar núgildandi deiliskipulags frá 2009 og er ekki um aðrar breytingar á skipulaginu að ræða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 16. maí 2022.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
samkvæmt umboði Antons Kára Halldórssonar,

Rúnar Guðmundsson, fulltrúi/skipulags- og byggingardeild.

B-deild – Útgáfudagur: 17. maí 2022